

Kröfu Jóns Magnússonar hdl., verjanda ákærða Ragnars Kjartanssonar, um að Hallvarður Einvarðsson og Albert Guðmundsson verði kallaðir fyrir dóm sem vitni er hafnað, svo og kröfu hans um að fjármálaráðherra verði gert að upplýsa um lántökur Hallvarðs Einvarðssonar fyrir milligöngu fjármálaráðherra.

Fimmtudaginn 4. júní 1987.

Nr. 162/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Axel Kristjánssyni

Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni

Lárusi Jónssyni

Ólafi Helgasyni

Ármanni Jakobssyni

Bjarna Guðbjörnssyni og

Jónasi Gunnari Jónassyni Rafnar

Kærumál. Vanhæfni ríkissaksóknara. Ákæru vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðiljar hafa skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru, er þeir lýstu fyrir sakadómara 18. f.m. Kærugögn bárust Hæstarétti 19. og 20. f.m. Dómkröfur varnaraðilja eru þær, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og málinu vísað frá sakadómi.

Af hálfu ákærvalds er því lýst yfir, með vísan til 3. mgr. 124. gr. laga nr. 74/1974, að kæra úrskurðarins sé samþykkt, en krafist staðfestingar hans.

Í ákæru eru sjö starfsmenn Útvegsbanka Íslands, sem starfaði samkvæmt lögum nr. 12/1961, sakaðir um stórfellda vanrækslu og hirðuleysi í starfi, að því er varðar viðskipti bankans við Hafskip h/f, sem tekið var til gjaldþrotaskipta 6. desember 1985. Er málið höfðað á hendur ákærðu fyrir brot í opinberu starfi á árunum 1982 - 1985, hverjum um sig þann tíma sem þeir gegndu starfi við bankann. Voru sex hinna ákærðu bankastjórar og sá sjöundi forstöðumaður lögfræðingadeildar bankans og aðstoðarbankastjóri.

Skýra ber 22. gr. laga nr. 74/1974 svo, að við meðferð einstaks máls beri ríkissaksóknara að vika sæti ef hann „er svo riðinn við mál eða aðila, að hann mætti eigi gegna dómastörfum í því“. Úrskurðarvald í þeim efnum heyrir að lokum undir dómstóla, enda er hvergi í lögum mælt á annan veg.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 12/1961 hafði bankaráð yfirumsjón með starfsemi Útvegsbankans og samkvæmt 14. gr. sömu laga hafði bankastjórn æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans eftir nánari fyrirmælum í reglugerð bankans og ákvörðun bankaráðs. Í erindisbréfi fyrir bankastjóra Útvegsbanka Íslands, sem samþykkt var í bankaráði 24. febrúar 1983, segir meðal annars, sbr. 3. gr., að einu sinni í mánuði, eða eftir því sem þurfa þyki, skuli bankastjórnir leggja fyrir bankaráðið skýrslu um útlán bankans, og annað það, er bankaráðinu þyki nauðsynlegt til þess að geta haft fullkomið eftirlit með starfsemi bankans.

Hallvarður Einvarðsson var skipaður ríkissaksóknari frá 1. júlí 1986. Jóhann S. Einvarðsson, bróðir hans, tók sæti í bankaráði Útvegsbanka Íslands 1. janúar 1985 og átti því sæti í bankaráðinu hluta þess tímabils, sem ákæra lýtur að. Mjög nán tengsl voru milli starfssviðs og starfsskyldna bankastjóra annars vegar og bankaráðs hins vegar. Af þessum sökum var ekki rétt, að ríkissaksóknari tæki ákvörðun um ákæru í máli þessu, sbr. 22. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 2. málsg. 15. gr. sömu laga og grundvallarreglu 3. og 7. tölul. 36. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að vísa ákærunni frá héraðsdómi. Með dómi þessum er ekki tekin nein afstaða til þess, hvernig haga beri ákæru í máli þessu.

D ó m s o r ð:

Ákæru í máli þessu er vísað frá sakadómi.

S é r a t k v æ ð i

Halldórs Þorbjörnssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laga nr. 74/1974 skal ríkissaksóknari tilkynna það dómsmálaráðherra ef hann „er svo við mál eða aðila riðinn að hann mætti ekki gegna dómarastörfum í því“ og skipar ráðherra þá annan í hans stað. Mat á því hvort slíkrar ráðstöfunar sé þörf ber endanlega undir dómsmálaráðherra, enda er hvorki í nefndri 22. gr., 124. gr. sömu laga né annars staðar í lögum gert ráð fyrir því að máli verði vísað frá dómi sakir þess að handhafi ákærvalds mætti eigi gegna dómarastörfum í því. Samkvæmt því ætti að vísa kröfu varnaraðila, þeirri sem um er dæmt í þessu máli, frá héraðsdómi.

Meiri hluti dómara hefur komist að gagnstæðri niðurstöðu, og mun ég því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973, taka þátt í efnisúrlausn málsins.

Hvorki hefur verið sýnt fram á að ríkissaksóknari sé í neinum tengslum við varnaraðila máls þessa er mundu gera hann vanhæfan til þess að vera dómari í máli á hendur þeim, né heldur að hann mundi vera það af öðrum ástæðum. Það er eigi í verkahring dómstólanna að meta eða segja fyrir um hvernig haga hefði átt ákæru í þessu máli, svo sem hvort rétt hefði verið að saksækja aðra menn en gert hefur verið. Samkvæmt því tel ég að staðfesta ætti hinn kærða úrskurð.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 18. maí 1987.

Ár 1987, mánudaginn 18. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp úrskurður þessi.

Með ákæru, dagsettri 9. f.m., var höfðað opinbert mál hér fyrir dómnum á hendur sjö fyrrverandi og þáverandi bankastjórum og aðstoðarbankastjórum Útvegsbanka Íslands, þeim Axel Kristjánssyni, Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni, Lárusi Jónssyni, Ólafi Helgasyni, Ármanni Jakobsyni, Bjarna Guðbjörnssyni og Jónasi Gunnari Jónassyni Rafnar, fyrir brot í opinberu starfi á árunum 1982-1985.

Af hálfu ákærðu hefur þess verið krafist, að máli þessu verði vísað frá dómi. Er krafan reist á því, að ríkissaksóknari, Hallvarður Einvarðsson, sé vanhæfur til þess að fara með mál þetta og er það talið styðjast við 22. gr., sbr. 15. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974 og 36. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85, 1936.

Ennfremur segir í kröfugerðinni:

„Þegar gefin var út ákæra á hendur fyrrverandi og þáverandi bankastjór-um Útvegsbanka Íslands hinn 9. apríl sl., hlaut ríkissaksóknari að standa frammi fyrir því álitaefni hvort ákæran ætti að einskorðast við bankastjór-ana eða beinast jafnframt að bankaráðsmönnum.

Frá 1981 til 14. júní 1983 var Albert Guðmundsson alþingsimaður formaður bankaráðs Útvegsbanka Íslands. Fyrir nokkru birtu fjölmiðlar þá frétt að ríkissaksóknari hefði tvívegis fengið peningalán hjá Albert Guðmundssyni sem fjármálaráðherra, kr. 300.000 í hvort skipti. Lán þessi voru veitt úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, utan við hefðbundnar lánveitingar úr sjóðnum.

Á árinu 1985 var Jóhann Einvarðsson, alþingismaður, varaformaður bankaráðs Útvegsbanka Íslands. Hann er bróðir ríkissaksóknara.“

Ríkissaksóknari hefur andmælt kröfu þessari.

Í máli þessu liggur ekkert frammi um þau einkamálefni ríkissaksóknara, sem krafan er öðrum þræði reist á. Aftur á móti segir í úrkurði sakadóms Reykjavíkur, 14. þ.m., í máli ákærvaldsins gegn Björgólfi Guðmundssyni o.fl. m.a. þetta:

„Að öðru leyti eru hér til úrskurðar kröfur lögmannanna tveggja, sem lúta að því að dómurinn hlutist til um öflun gagna varðandi persónulegar lántökur Hallvarðs Einvarðssonar ríkissaksóknara hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins í desember 1984 og febrúar 1985, en á þeim tíma gegndi hann starfi rannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Upplýst verður að telja að lántökur þessar voru fyrir milligöngu Alberts Guðmundssonar, þáverandi fjármálaráðherra og stjórnarformanns Hafskips á árunum 1979-1983, en einnig hefur komið fram að lánveitingar með þessum hætti úr umræddum lífeyrissjóði höfðu tíðkast lengi í mismunandi miklum mæli.“

Samkvæmt gögnum málsins sat Albert Guðmundsson í bankaráði Útvegsbanka Íslands 1981 til 14. júní 1983 og bróðir ríkissaksóknara, Jóhann Sigurður Einvarðsson, sat í bankaráðinu árið 1985.

Hvorki Albert Guðmundsson né Jóhann Sigurður Einvarðsson eru ákærðir í málinu og ákvörðun ríkissaksóknara að draga ekki bankaráðsmenn Útvegsbanka Íslands til ábyrgðar í máli þessu, sætir ekki, eins og hana ber að, endurskoðun dómsins. Ber því að synja kröfu um að vísa málinu frá dómi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu um að máli þessu verði vísað frá dómi er synjað.